

# Snjóflóð á Íslandi veturinn 1981–1982

HAFLIÐI HELGI JÓNSSON  
Veðurstofu Íslands

Rúmlega 300 snjóflóð voru skráð þennan vetur. Öll voru fremur lítil. Þó fórust tvö ungmenni í einu þeirra, hinn 30. janúar, á Ingólfsfjalli fyrir ofan Selfoss. Hafa þá samtals 121 maður látið lífið í snjóflóðum frá síðustu aldamótum. Annað snjóflóð lenti á sjúkrahúsi, hinn 16. febrúar, vestur í Patreksfirði. Í bílnum voru 4 menn, en hvorki sakaði þá né bílinn. Hinn 20. janúar fékk snjómoksturstæki í Ólafsfjarðarmúla á sig 3 snjóflóð sem það setti af

stað. Ekkert tjón hlaut af því. Önnur snjóflóð ollu ekki tjóni en lokuðu flest vegum.

Nánari grein er gerð fyrir þessum snjóflóðum í töflum 1 og 2.

Skráningaraðilar hafa eins og áður verið starfsmenn Vegagerðar ríkisins og veðurathugunarmenn, en einnig hefur verið leitað fanga í dagblöðum og landshlutablöðum.

TAFLA 1. Snjóflóð á nokkrum vegaköflum — TABLE 1. Avalanches on several roads.

Vegakafli	Fyrsti snjóflóðadagur <i>First avalanche day</i>	Síðasti snjóflóðadagur <i>Last avalanche day</i>	Fjöldi snjóflóða <i>Number of avalanches</i>	Fjöldi snjóflóðadaga <i>Number of avalanche days</i>	Meðalfjöldi snjóflóða á snjóflóðadag <i>Avalanches per avalanche day</i>	Mesti fjöldi snjóflóða á einum degi. <i>Max. number of avalanches per day.</i>	Minnsti fjöldi snjóflóða á einum snjóflóðadegi <i>Min. number of avalanches per avalanche day</i>
Óshlíð	28/10	13/4	53	21	2.5	7	1
Breiðadalsheiði	5/10	26/3	24	12	2.0	5	1
Súðavíkurhlíð	19/10	15/3	21	8	2.6	8	1
Ólafsfjarðarmúli	14/10	10/5	177	41	4.3	25	1

## ABSTRACT

*Snow Avalanches in Iceland in the Winter of 1981–82*

*Over 300 avalanches were recorded this winter. Two people were killed.*

*The avalanches are tabulated with emphasis on location, number and date, but classification and estimates of size are presented where available.*